



ORKUSTOFNUN

Sólheimahjáleiga, hola 1

Guðmundur Ómar Friðleifsson

Greinargerð GÓF-98-03

SÓLHEIMAHJÁLEIGA, HOLA 1

Hola 1 var boruð í 427 m dýpi af jarðbornum Ými á tímabilinu 9. júlí til 12. ágúst, 1997. Holan var fyrst Holteboruð með 10 3/4" í 47,9 m dýpi og 10 3/4" fóðringin steypt föst. Síðan var borað með 7 7/8" lofthamri. Vatnsleki kom strax í holuna neðan fóðringar og var reynt að loka hann af með steypu. Það gekk þó illa og þurfti að rýma holuna með 9 7/8" og steypa aftur, og tókst þetting holunnar í það skiptið. Síðan var borað með vatni og 9 7/8" hjólakrónu niður í 112 m. Þá var mikið vatn komið í holuna og eins var borað í óharðnaðan svartan sand neðan 105 m dýpis sem hrundi inn í holuna. Því gripið til þess ráðs að bora áfram með gelskolun, og sag notað til að stífla vatnsleka. Þannig tókst að bora niður í fóðringardýpi í 270, 4 m dýpi. Berg fór að harðna í 132-136 m dýpi. Fóðrað var með 8 5/8" röri niður í 269,3 m dýpi og það steypt fast.

Neðan 270 m dýpis var borað með 6 3/4" hjólakrónu og skolað með vatni og lofti. Ekki er getið um lekastaði í holunni í borskýrslu, en í loftdælingu eftir borun gaf holan 2,63 l/s af 23°C heitu vatni með stangir í 256 m dýpi, og 1,7 l/s með stangir í 110 m dýpi. Botnhiti mældist 29,5°C. Hitamæling eftir borun og loftdælingu (mynd 1) sýnir að vatnið kemur af 370-380 m dýpi. Í hitamælingu frá 19.09.1997 hefur holan náð að jafna sig og botnhiti var þá orðinn um 36°C. Hitastigull er nærrí 75°C/km.

Borsvarf neðan til úr holunni (320-426 m) var skoðað vegna hugsanlegrar dýpkunnar, og er það allt úr lagskiptu móbergsseti. Setið er samhlímt og yfirleitt móbrúnt á lit nema siltlög sem eru gráleitari. Kornastað er frá sandi um finsand í gróft silt, en finsilt eða leir sést varla. Móbergsgler er yfirgnæfandi, en stundum er slangur af basaltgjalli, eða basaltkornum. Túffsetið er ýmist ólivíndílótt, feldspatdílótt, eða ódílótt, og því sýnilega ættað úr mörgum gosum. Setið hefur sest til í straumvatni, og á sjávarbotni að hluta til a.m.k. Skeldýraleifar sjást t.d. í svarfinu á 394-396 m dýpi. Mörg setlaganna eru áberandi þétt að sjá og blöðrulaus, en önnur innihalda blöðrótt gler eða basaltkorn, ásamt því að holrými er viða á milli korna í grófkornari hluta setanna. Allt þetta holrými hefur þó að mestu fyllst af geislasteindum (kabasít og thomsónít) síðar og eftir stendur því tiltölulega þéttur setlagastafla.

Lekastaðurinn nærrí 380 m dýpi er yfir ólivín- og feldspatdílóttu túffseti sem var áberandi harðara en önnur lög í borun (marið svarf). Það lag er um 8 m þykkt og hefur sest á sjávarbotn og kaffært skeldýralíf, og er trúlega ættað úr einu og sama eldgosinu.

Guðmundur Ómar Friðleifsson
jarðfræðingur

| | 25-feb-1998
hs s=76101

Sólheimahjáleiga SH-01
Mýrdalshreppur
Vestur-Skaftafellssýsla

